

Skýrsla Hafréttarstofnunar Íslands fyrir árið 2010

Hafréttarstofnun Íslands er rannsókn- og fræðslustofnun á sviði hafréttar við Háskóla Íslands og er meginmarkmið stofnunarinnar að treysta þekkingu á réttarreglum á sviði hafréttar. Að stofnuninni standa, auk Háskóla Íslands, utanríkisráðuneytið og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið.

Stjórn stofnunarinnar skipuðu Einar Gunnarsson og Guðmundur Eiríksson af hálfu utanríkisráðuneytisins, Sigurgeir Þorgeirsson og Hrefna Karlsdóttir af hálfu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, og Eiríkur Tómasson og Björg Thorarensen af hálfu Háskóla Íslands. Forstöðumaður stofnunarinnar í hlutastarfi var Tómas H. Heiðar.

Hafréttarstofnun auglýsir árlega styrki til náms í hafrétti. Annars vegar er um að ræða styrki til framhaldsnáms í hafrétti og var Bjarna Má Magnússyni veittur styrkur vegna doktorsnáms í hafrétti við Edinborgarháskóla skólaárið 2010-2011 og Sigríði Rögnu Sverrisdóttur veittur styrkur til meistaranáms í umhverfis- og auðlindafræðum við H.Í. skólaárið 2010-2011.

Hins vegar er um að ræða styrki til íslenskra þátttakenda og þátttakenda frá þróunarlöndum í námskeiði Ródos-akademíunnar í hafrétti sem haldið var 27. júní – 16. júlí. Hafréttarstofnun veitti þremur Íslendingum, Írisi Lind Sæmundsdóttur, Margrétu Guðlaugsdóttur og William Frey Huntingdon-Williams, styrki til þátttöku í námskeiðinu. Enn fremur veitti stofnunin fimm einstaklingum frá þróunarríkjum styrki til þátttöku í námskeiðinu.

Hafréttarstofnun á aðild að Ródos-akademíunni og á forstöðumaður stofnunarinnar sæti í stjórn akademíunnar. Árlegt námskeið akademíunnar í hafrétti er helsta námskeið á þessu sviði í heiminum. Forstöðumaður annaðist yfirumsjón, kennslu og prófun í annarri viku námskeiðsins í ár.

Forstöðumaður ritstýrði, ásamt Myron H. Nordquist og John Norton Moore, ráðstefnubókinni “Changes in the Arctic Environment and the Law of the Sea” sem gefin var út í ár en ráðstefnan var haldin árið 2009.

Á grundvelli samnings við lagadeild H.Í. hélt Hafréttarstofnun áfram að styrkja kennslu og rannsóknir í auðlindarétti við deildina.